

ROLEX



M

MICHELSEN

URSMÍÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Vistvæna prentsmiðjan!

 Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 25. febrúar 2009 – 8. tölublað – 5. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000

Ósáttir stofnendur Enex
 Vilja ekkert skúffufyrirtæki



Verðmat gömlu bankanna
 Eignastaðan næsta marklaus



Jeffrey D. Sachs
 Alþjóðlegt efnahagsátak



SENDIRÁÐ NORÐURLANDA Í BERLÍN
 Þýskir kröfuhafar hafa sumir á orði að með töfum vilji þýsk yfirvöld kenna þeim lexíu fyrir að hafa ekki valið þýskan banka.

Vilja borga í Þýskalandi

Skilanevnd Kaupþings hefur skrifað þýskum stjórnvöldum bréf og farið fram á að fá að gera strax upp við eigendur EDGE-innlánsreikninga. Ólafur Garðarsson, aðstoðarmaður bankans á greiðslu- og stöðvunartímabilinu, segir búið að gera upp innlán í öðrum löndum.

Ferlið ytra segir Ólafur allt hafa verið hið þunglamalegasta þótt skilanevndin væri öll af vilja gerð. „Við getum greitt 80 prósent í gegnum útibú Kaupþings í Þýskalandi þar sem við erum með starfsfólk og buðum þýska fjármálaeftirlitinu að mæta með sitt fólk og hafa umsjón með ferlinu,“ segir hann. 20 prósentin sem upp á vantar, 55 milljónir evra, eru fryst á reikningi í DZ Bank í Þýskalandi. „Ef henni yrði aflétt, eins og við teljum að eigi að gera, gætum við greitt allt strax.“

Þá segir Ólafur liggja fyrir allar staðfestingar frá stjórnvöldum hér um að greiðslur geti átt sér stað. Bréfið var sent eftir að þýska fjármálaeftirlitið stakki upp á ráðstefnuhaldi til að ræða lausn málsins. „Við þreymtumst á að fá skammtir fyrir aðgerðir eða aðgerðaleyfi annarra,“ segir hann. Þýskir innlánsreikningur hafa mikið samband við skilanevndina.

Ólafur segir formleg viðbrögð ekki enn hafa borist, en bréfið var sent 19. þessa mánaðar. - óka

HELST Í ÚTLÖNDUM

Skattasvikarar | UBS-bankinn í Sviss hefur samþykkt að greiða bandarískum stjórnvöldum um 780 milljónir dollara, jafnvirði um 90 milljarða króna, í bætur fyrir að hjálpa bandarískum fjármagnseigendum að svíkja undan skatti í skjóli bankaleyndar.



Innrás í Bandaríkin | Breski milljarðamæringurinn Sir Philip Green hefur svipt hulunni af opnun Topshop í New York. Topshop-keðjan er flaggskip auðjófursins en hann ætlar að opna fimmtán slíkar verslanir í Bandaríkjunum á næstunni.

Nýtt líf | Breski bankinn Northern Rock, sem þjóðnýttur var fyrir ári, hefur gengið í endurnýjun lífdaga en stefnt er að því að hann hefji fljótlega aftur að veita viðskiptavinum sínum fasteignalán.

Lækkuð laun | Richard Pym, stjórnarformaður breska bankans Bradford & Bingley, hefur strikað út bónuskerfi sitt. Laun hans lækka því um tæpan helming auk þess sem uppsagnarfrestur hans fer úr tveimur árum í einn dag.

Hærra gullverð | Verð á gulli fór yfir þúsund dali á únsu í síðustu viku. Gullverðið lækkaði talsvert í byrjun árs en hefur snúið til baka eftir því sem hlutabréfaverð hefur lækkað.

Horfir í djúpa lægð

Seðlabankastjóri Bandaríkjanna óttast djúpa kreppu fram á næsta ár. Doktor Dómsdagur mælir með sænsku leiðinni.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
 skrifar

Alvarlegur efnahagssamdráttur er í Bandaríkjunum og mun bandaríski seðlabankinn leita allra mögulegra leiða til að spyrna við því að þrengingarnar verði langvinnar.

Þetta sagði Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, fyrir fjármálanefnd bandaríska öldungadeildarþingsins í gær. Hann taldi sýnt að mesti sársaukinn verði tekinn út á fyrri hluta ársins. Efnahagslífið lagi sig að breyttum aðstæðum þegar líði á seinni hluta árs og megi vænta betri tíðar á nýju ári. Þó megi ekki útiloka að áhrifa kreppunnar nú muni gæta á næsta ári takist ekki að koma á stöðugleika á fjármálamörkuðum.

Bandarísk stjórnvöld hafa gert flest sem í valdi þeirra stendur til að draga úr áhrifum kreppunnar, sem á að stórum hluta ættir að rekja til hruns á fasteignalánamarkaði vestan hafs.

Hrunið, sem hefur nú staðið yfir frá um miðju ári 2007, hefur komið harkalega niður á helstu hlutabréfamörkuðum. Verulegur skellur var á hlutabréfa-

mörkuðum víða um heim í vikunni og fóru helstu hlutabréfavitölur vestra neðar en eftir netbóluna og hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin 11. september 2001. Þá fóru bæði gamla og nýja Úrvalsvitölurnar í lægstu gildi í íslenskri Kauphallarsögu í gær.

Ein aðgerða nýrrar ríkisstjórnar Baracks Obama, forseta landsins, eru kaup á hlutafé banka og fjármálafyrirtækja. Í vikunni sagði Timothy Geithner, fjármálaráðherra landsins, viðræður hafnar við bandaríska bankann Citigroup og tryggingarisann AIG, sem búist er við að þurfi frekara fjármagn eigi fyrirtækin að standa í lappirnar. Þetta er í takti við ráðleggingar hagfræðiprófessorsins Nouriel Roubin, sem sagði reyndar í samtali við CNBC-sjónvarpsfréttastöðina í gær, vanda stjórnvalda gríðarlegan þar sem fjármálafyrirtæki sem séu í vanda stöð bæði orðin of stór og of mikilvæg til að fara á hliðina á sama tíma og björgun þeirra geti orðið ærið kostnaðarsöm. Ráðlagði hann bandarískum stjórnvöldum að fara svipaða leið og Svíar í bankakreppunni við upphaf tíunda áratugar síðustu aldar en þá var fjármagni dælt inn í lífvænleg fyrirtæki sem glímdu við tímabundna erfðileika á meðan þau sem voru verr stöð fóru í þrot.

Vísbendingar um hagkerfið í rusli

Losun á sorpi fyrirtækja dróst verulega saman í janúar. Framkvæmdastjóri Sorpu sá fyrir framtíðarsamdrátt Íslands í úrganginum seint í fyrrasumar.

„Ruslið er mælikvarði á gang efnahagslífsins,“ segir Björn Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu. Losun úrgangs hefur dregist samfelt saman frá því efnahagslífið fór á hliðina hér í október í fyrra. Verulega dró úr sorplosun frá fyrirtækjum í janúar, eða um fjörutíu prósent. Heimilin hentu allt að fimmtán prósentum minna í byrjun árs en í fyrra.

Hagnaður Sorpu nam 4,2 milljónum króna í fyrra samanborið við 161 milljón króna í hittiðfyrra. Rekstrartekjur námu rétt rúmum tveimur milljörðum króna sem er 2,1 prósent hækkun á milli ára. Á móti jukust rekstrargjöld um sex prósent en þau námu 1,8 milljörðum.

Björn sagði í samtali við Markaðinn í enda ágúst í fyrra nokkuð hafa dregið úr losun úrgangs frá fyrirtækjum á fyrstu sjö mánuðum ársins. Sérstaklega

væri að draga úr sorplosun fyrirtækja í bygginga- og iðnaðargeiranum. Blikur væri á lofti enda sorplosun vísbending um hvert stefni í hagkerfinu.

Spáin gekk eftir og gott betur. Björn segir nú samdrátt í sorplosun fyrirtækja merki um að atvinnulífið sé botnfrosið. Á sama tíma hafi losun á sorpi frá heimilum dregist saman um tíu til fimmtán prósent. Það sé eðlilegt því umfang dagblaða hafi minnkað og því fari minna í tunnuna hjá þeim sem ekki flokka ruslið.

Björn segir erfitt að greina hvert stefni í efnahagsmálum út frá sorplosun í dag. Ekki hafi verið rýnt í ruslið og það greint eftir efnisflokkum. Þó megi reikna með að fólk hendi færri raftækjum á næstunni. „Þetta fer þó allt eftir því hvernig atvinnulífið þróast,“ segir hann. - jab

TOM FORD

PRADA

ROBERTO CAVALLI

JUST CAVALLI

CUTLER AND GRO

TOM FORD

BELLINGER

ROBERT LA ROCHE

RALPH LAUREN

FRÍAR SJÓNMAELINGAR TIL PÁSKA

Pantaðu tíma:
SMÁRALIND 528 8500
KEFLAVÍK 421 3811

Optical Studio
 SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Alfesca	-14,5%	-22,6%
Bakkavör	-6,6%	-26,1%
Eimskipafélagið	-10,0%	-28,0%
Icelandair	-4,3%	-3,6%
Marel	0,9%	-35,8%
SPRON	0,0%	0,0%
Straumur	-40,4%	-21,5%
Össur	0,5%	-5,7%

*Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.
Úrvalsvisitalan OMXI15 275
Úrvalsvisitalan OMXI6 799

Gjaldþrota fyrirtækjum fjölgar

Rúmlega 70 prósent fleiri fyrirtæki gjaldþrota í janúar en í janúar í fyrra.

Í janúar 2009 voru 70 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta samanborið við 41 fyrirtæki á sama tíma í fyrra. Aukningin nemur tæplega 71 prósent, að því er fram kemur í tölum Hagstofu Íslands.

„Líkt og verið hefur síðustu mánuði voru gjaldþrotin flest í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð en fjármálakreppan hefur komið afar illa niður á þeirri starfsemi. Bæði hefur dregið umtalsvert úr fjárfestingum og einnig var talsvert um að fyrirtæki í þessari grein væru með skuldir í erlendri mynt á móti eign í



Í GARDABÆ Fyrirtæki í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð eru mörg með erlendar skuldir á móti hálfkláruðu húsnæði sem fallið hefur í verði.

MARKAÐURINN/GVA

kláruðu eða hálfkláruðu húsnæði sem selst illa og hefur misst talsvert af markaðsvirði sínu,” segir

í umfjöllun Greiningar Glitnis. Í þessum geira urðu 18 fyrirtæki gjaldþrota í mánuðinum, en næstflest urðu gjaldþrotin í heild- og smásöluverslun og viðgerðum á vélknúnum ökutækjum.

„Gera má ráð fyrir að gjaldþrotum fyrirtækja haldi áfram að fjölga á þessu ári samhliða því sem mikill samdráttur er fram undan í hagkerfinu og eftirspurn og fjárfestingar dragast saman hröðum skrefum. Þá er aðgengi að fjármagni með versta móti og vextir háir,” segir í umfjöllun Glitnis.

- óká

Skertur réttur

Ætla má að stjórnendur og starfsfólk Straums sem virkjaði kaupréttarsaminga sína hafi á einni viku tapað 12,6 prósentum af kaupnum.

Heildarverðmæti sammingsins hafa að sama skapi rýrnað um 136 milljónir króna.

Gengi hlutabréfa í bankanum hafði rokið upp um rúm 100 prósent á mánuði áður en tilkynnt var um kaupréttarsamningana fyrir viku á viðmiðunargenginu 1,67 krónur á hlut. Þá stóð gengið í 2,53 krónum. Það hefur fallið um 42 prósent síðan þá, þar af um 19,3 prósent í gær þegar það endaði í 1,46 krónum á hlut. - jab



DREKASVÆÐIÐ Svo gæti farið að rannsóknarleyfum vegna olíuleitar á Drekasvæðinu verði að lokum úthlutað næsta haust.

MYND/ÚR SAFNI

Sex lönd sýna leit á Drekasvæðinu áhuga

Olíuleit gæti tekið áratugi. Líkist lottóspilun.

Rúmur tugur félaga frá sex löndum hefur skoðað gögn Orkustofnunar um olíuleit á Drekasvæðinu, svo vitað sé. einnig er hægt að nálgast flest gögnin á heimasíðu stofnunarinnar.

Kristinn Einarsson hjá Orkustofnun vill ekki gefa upp frá hvaða löndum fyrirtækin eru, en staðfestir að Norðmenn séu þar á meðal. „Já, þeir sýna þessu áhuga og félagar okkar hjá Norsku olíustofnuninni fylgjast með fyrir hönd norskra stjórnvalda. Þau hafa rétt á að ganga inn í með um 25 prósentu hlut, fari svo að við úthlutum leyfum,” segir hann.

Nýverið greindi tímaritið Oil & Gas Journal frá auknum vísibendingum um olíu á Drekasvæðinu þar sem flekkir í jarðlögum væru taldir líklegir til að hafa að geyma olíu. Félög þurfa að skila tilboðum í rannsóknarleyfi fyrir 15. maí. Þeim verður svo úthlutað undir haust.

Þá gæti þurft að bíða lengi eftir því að olía finnist. Sævar Þór Jónsson lögfræðingur hefur kynnt sér tekjumöguleika af olíuvinnslu og skoðað hvernig staðið er að leit, vinnslu og skattlagningu í Færeyjum og Kanada. Hann segir



KRISTINN EINARSSON

ekki hlaupið að því að finna nægilega arðbæra og nýtanlega olíulind og líkir leitinni við lottó, oft þurfi að spila áður en vinningur fæst. „Töluverður tími og fjármunir fara í leit áður en vinnslustigi er náð,” segir hann.

Þannig hafa Grænlandingar leitað að olíu í þrjátíu ár og ekki fundið vinnanlegt magn. Í Norðursjó hafa 3.500 tilraunaholar verið boraðar á síðustu áratugum og hafa 200 gefið vinnanlega olíu. Kanadamenn hafa borað 132 tilraunaholar og vinna nú olíu á Hibernia, Terra Nova og White Rose. Á fimmtán ára tímabili, frá 1990 til 2005, fannst engin nýtanleg olía.

„Sumir sérfræðingar telja að olíumagnið á Drekasvæðinu sé álíka og í Norðursjó. Sé það rétt er ljóst að gríðarleg verðmæti er þar að finna,” segir Sævar og finnst því ekki mikið að setja nokkur hundruð milljónir í uppbyggingu á Norðurlandi. - kóp/ghs/óká

Ósáttir við að Enex verði skúffufyrirtæki

Stofnendur Enex eru óánægðir með að félaginu verði skipt upp og fellt inn í Geysi Green Energy. Stjórnarformaðurinn segir að litlir hluthafar sæti innlausn vilji þeir ekki selja.

Guðrún Helga Sigurðardóttir skrifar



ÁSGEIR MARGEIRSSON

Óánægja er meðal stofnenda og smærri hluthafa Enex með ákvörðun Geysis Green Energy (GGE) og Reykjavík Energy Invest (REI) um að skipta upp Enex þannig að REI fái hlut Enex í bandaríska fyrirtækinu Iceland America Energy og GGE fái Enex. Ásgeir Margeirsson, stjórnarformaður Enex, segir að með þessu eignist GGE yfir 90 prósent í Enex og nýti rétt sinn til innlausnar á afganginum.

Magnús Hallgrímsson, einn stofnenda Enex, er ósáttur við þróunina og hefði ekki viljað kljúfa félagið. Hann telur að REI „hirði“ Bandaríkjavæðing og GGE stingi Enex í skúffu og sameini GGE. Stofnendur Enex verði fleygt „út á gaddinn“.

Magnús bendir á að framkvæmdir hafi dregist saman síðustu mánuði og GGE hafi flutt Enex til Keflavíkur, eins og hann hafi komist að raun um þegar hann kom þar að tómu skrifstofum. Þá hafi síma verið lokað án þess að láta hluthafa vita.

Meirihlutaeigendur Enex hafa gert litlu hluthöfnum tilboð um að selja bréf sín á eina krónu á hlut eða

ganga inn í kaupin á bandaríska félaginu. Magnús segir að tilboðið hafi ekki enn borist skriflega. Hann telur að hluthafar geti líka neitað að selja og krafist þess að farið verði í verðmat, lögum samkvæmt. Hann kveðst vera með alla kostina til skoðunar.

Ásgeir Margeirsson, stjórnarformaður Enex og forstjóri GGE, segir að Enex hafi verið með fangið fullt af verkefnum fyrir milljarðatugi en ekki verið með fé til að ráðast í þau. Ekki hafi komið til greina að selja verkefni eftir að heimskreppan hófst og þess vegna hafi þurft að finna nýja lausn.

„Hún fólst í því að skipta félaginu upp. REI eignast eignarhlut Enex í félaginu Iceland America Energy í Kaliforníu og GGE fær rúm 90 prósent í Enex,” segir hann og telur að ekki hafi verið skynsamlegt að halda Enex sem sjálfstæðu félagi. Við blasi að stóru hluthafarnir kaupi litlu hluthafana út. Eflaust sé hægt að hafa mismunandi skoðanir á verðinu en „miðað við okkar mat á stöðu félagsins er þetta ríflegt verð fyrir þá sem selja“. Ásgeir segir litlu hluthafana ekki hafa um neitt að velja, ef þeir selji ekki verði þeir að sæta innlausn.

Starfsmaður TM Software á CeBit

Myndband sem Brian Suda, breskur hugbúnaðarráðgjafi hjá TM Software, setti á vefinn vimeo.com vakti slíka athygli aðstandenda CeBit ráðstefnunnar að honum var boðið að taka þar þátt í pallborðsumræðum um meðhöndlun persónuauðkenna. CeBIT ráðstefnan hefst í Hannover í Þýskalandi 3. mars næstkomandi, en hún er einn af árvissum stórvörðum tækniheimsins. Brian fjallar þar um „OpenID“, en það gerir fólki kleift að notast bara við eitt auðkenni á Netinu, í stað þess að vera

með mörg aðgangsorð. Auk hagræðis er lausnin sögð draga úr líkum á að upplýsingum á borð við tölvupóstföng sé „stolið“ á netinu. Allnokkur vefsvæði styðja orðið OpenID, svo sem Yahoo og Sun Microsystems.

Brian hefur prófað sig áfram með lausnir sem snúa að auðkenningu fólks yfir netið og bjó fyrir um mánuði til nýstárlegt kennslumyndband á vefsíðunni vimeo.com. Í kjölfarið fékk hann boð um að taka þátt í CeBit.

- óká

NÁKVÆMIR MEÐ EINDÆMUM

Leysiprentararnir frá Konica Minolta eru dugmiklir, hagkvæmir í rekstri og prenta í frábærum gæðum. Þeir sinna daglegum prentverkefnum skrifstofunnar með stakri þrýði og ættu að vera fyrirmynd annarra á skrifstofunni – þeir leysa öll verkefni af mikilli nákvæmni.




PAGEPRO 1400W
Lítur: Neil
Afköst: 16 bls./min.
Tengi: USB
Stýrikerfi: Windows



PAGEPRO 1350E
Lítur: Neil
Afköst: 20 bls./min.
Tengi: USB, Parallel, Ethernet
Stýrikerfi: Windows, Dos, Mac, Linux



MAGICOLOR 2500W
Lítur: Já
Afköst: 20 bls./min. í svarthvítu.
5 bls./min. í lit
Tengi: USB
Stýrikerfi: Windows



MAGICOLOR 2530DL
Lítur: Já
Afköst: 20 bls./min. í svarthvítu.
5 bls./min. í lit
Tengi: USB, Ethernet
Stýrikerfi: Windows, Mac, Linux

Konica Minolta
REKSTRARVÖRUR
Alltaf til á lager

KJARAN
TÆKNISLAÐUR

Hagfæði



Eignamat gömlu bankanna næsta marklaust

Samanburður á verðmati gömlu bankanna er óraunhæfur. Skilanevnd Kaupþings, sem var stærsti banki landsins fyrir hrúnið í fyrra, miðar eignastöðuna við nóvember í fyrra. Hinir bankarnir setja verðmiða á eignir sínar þrjú til sjö ár fram í tímann. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson skoðaði eigna- og skuldastöðu gömlu bankanna.

Pegar innlendir og erlendir kröfuhafar gamla Landsbankans gengu framhjá öryggisvörðum á leið sinni til fundar með skilanevnd bankans á Nordica hótél á föstudag og tóku við mati á eigna- og skuldastöðu gamla bankans að innritun lokinni var ákveðnum áfanga náð í uppgjöri gömlu bankanna eftir ríkisvæðingu þeirra í byrjun október í fyrra.

Skilanevnd Landsbankans var síðust þriggja nefnda til að skila mati á eignum og skuldum gamla bankans. Þótt nefndin hafi afskrifað hlutfallslega langmest af eignum gamla bankans eftir hrúnið í fyrra og hrakfara á erlendum vettvangi og sett verulegar byrðar á herðar íslenskra skattborgara reyndust eignir bankans burðugri en spád hafði verið.


Eignir Landsbankans, samkvæmt áætluðu mati skilanevndar, nema 1.195 milljörðum króna, að viðbætti skuldajöfnun og innálögðu skuldabréfi Nýja Landsbankans. Þetta er um fimmtungi meira en búist var við. Á móti nema skuldir 3.348 milljörðum króna. Þar af eru 1.338 milljarðar króna forgangskröfur, sem eru skuldbindingar vegna Icesá-

ve-reikninga bankans. Munurinn nemur 144 milljörðum króna. Skilanevndin reiknar með að þegar Tryggingasjóður innstæðueigenda í Bretlandi og Hollandi hafi greitt það sem honum beri standi eftir 72 milljarðar króna, sem falla á íslenska skattgreiðendur.

Þetta er umtalsvert betri staða en búist var við eftir hrun bankanna í október en svartsýnustu spámenn töldu allt að 600 milljarða króna geta lagst á herðar ríkisins vegna reikninganna. Fjármálaráðuneytið var öllu raunsærra í spá sinni og gerði ráð fyrir að 150 milljarðar króna féllu á ríkissjóð vegna innlánsábyrgða í enda síðasta mánaðar.

Ekki er búist við eftirmálum vegna Edge-reikninga Kaupþings í Evrópu og Save&Save-reikninga Gamla Glitnis, sem voru að slíta barnsskónum þegar ríkið tók bankann yfir í fyrrahaust en almennt falla kröfur á protabú gömlu bankanna en ekki íslenska ríkið.

Ráðuneytinu reiknaðist til í áætlun sinni fyrir mánuði að skuldir ríkissjóðs myndu vegna þessa aukast úr 8,1 milljarði króna í ársbyrjun í 563 milljarða í enda þessa vegna falls bankanna og eftirstöðva af skuldbindingum þeirra. Miðað við stöð-



una eins og hún er lögð fram í uppgjörum skilanevnda á gömlu bönkunum má ætla að skuldir lækki í 485 milljarða króna, eða um þriðjung af áætlaðri landsframleiðslu. Þetta er sömuleiðis álíka upphæð og Tryggvi Þór Herbertsson, fyrrverandi efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar, taldi líkur á að féllu á ríkið vegna þessa fyrir nokkru.

FYRSTU SKREF

Eigna- og skuldamat skilanevnda bankanna eru fyrstu skref að uppgjöri gömlu bankanna eftir ríkisvæðingu þeirra. Þrátt fyrir að tölurnar hafi verið negldar niður

og upplýsingarnar kynntar kröfuhöfum gætir talsverðar óvissu um stöðuna.

Endanlegt mat á nýju bönkunum hefur dregist og mun að líkindum ekki liggja fyrir fyrr en um miðjan apríl. Tvö fyrirtæki sjá um lokamatið. Matsfyrirtækið Deloitte skilar mati sínu í enda mars en alþjóðlega fjármálaráðgjafarfyrirtækið Oliver Wyman, sem sér um mat á bönkunum þremur fyrir hönd Fjármálaeftirlitsins, skilar sínu um miðjan næsta mánuð.

Þegar matið liggur fyrir verður ljóst hversu háar upphæðir innlendra eigna fara aftur yfir í

gömlu bankana. Bankarnir munu svo á móti gefa út skuldabréf til þeirra gömlu í skiptum fyrir eignir. Skuldabréfin hafa þegar verið færð til bókar sem eign í verðmati nýju bankanna og gefa því kröfuhöfum nokkuð skakka mynd af stöðu þeirra.

MARKLAUST VERÐMAT

Verðmat skilanevndanna þriggja á eigna- og skuldastöðu gömlu bankanna er mismunandi enda ekki tekið fram í lögum um gjaldprotaskipti hvaða forsendur eða aðferðafræði fyrirtækjum í greiðslustöðvun beri að nota.

Þannig er óvíst hvort útreikn-

FJÁRFESTAR.

Hvernig væri að fjárfesta í fyrirtæki sem á mikla stækkunar möguleika fyrir hendi, en er fjárvana.

Hefur alltaf verið fjárvana sem hefur hráð stækkun að sjálfsgöðu, en er þó búin að ná töluvert langt í sinni grein. Er með óhemju mörg góð umboð í sinni grein og getur aukid sölu um 100-200% á stuttum tíma með því að fjármagn komi inn. Fjármagn mundi vera notað til að kaupa inn vörur erlendis frá, og til daglegs rekstur.

Þarf að binda töluvert fjármagn hjá viðskiftavinum, en ekki lengi. Traustrir viðskiftavinir. Þetta eru vörur sem ekki fara minnkandi í sölu þó kreppa sé, frekar uppá við. Nú eru hlutabréf óhagstæð og hvernig væri þá að líta á annað sem gæfi peninga bæði fljótt og vel.

Ekki þarf neina tugi milljóna í reksturinn eins og hjá ýmsum þeim stærri, nokkrar milljónir sem koma fljótt til baka Líka er möguleiki á að koma með annað fyrirtæki sem er í sama rekstri og gera úr þessi eitt með þeim stærri í sinni grein. Mörg umboð sem ekki er farið að taka inn ennþá, en virkileg góð og söluvæn.

Allar upplýsingar verða gefnar, ef áhugi er fyrir hendi.

Vinsamlega sendið tölvupóst á sappjap@gmail.com
Öllum verður svarað.

Ásættanlegt verðmat

„Mér sýnist verðmat bankanna líta almennt betur út en spád var. Það er ásættanlegra,“ segir Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka, áður Glitnis. Hann telur verðmatið endurspegla að skilanevndir bankanna hafi verið raunsæjar; hvorki of bjartsýnar né of svartsýnar. Óvissa sé mjög afgerandi á alþjóðlegum fjármálamörkuðum nú um stundir.

Ingólfur leggur áherslu á að þótt von sé á lokamati á bönkunum gömlu um miðjan apríl muni markaðurinn setja sinn eigin verðmiða á þær við sölu eftir nokkur ár.

Seljast eignirnar á verði í námunda við matið sem nú liggja á borðinu megi reikna með að skuldaaukning ríkissjóðs vegna bankahrunsins verði um þriðjungur af landsframleiðslu.



INGÓLFUR BENDER Forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka telur eignamat bankanna raunsætt í skugga óvissu á fjármálamörkuðum. MARKAÐURINN/GVA

Þegar spurt er um hitakerfi er svarið:
“Já, Danfoss er með lausnina fyrir þig”



Við höfum í áratugi verið leiðandi í framleiðslu stjórnbúnaðar fyrir hitakerfi og séð notendum um allan heim fyrir búnaði og lausnum, sem gerir líf þeirra þægilegra.

Við erum eini framleiðandinn á markaðinum sem sérhæfir sig í framleiðslu stjórnbúnaðar ásamt varmaskiptum og tengigrindum fyrir hitakerfi.

Við leggjum metnað okkar í að finna réttu lausnirnar fyrir viðskiptavinum okkar hverjar sem stærðirnar, þarfirnar eða kröfurnar kunna að vera.

HEIMTUR KRÖFUHAFNA

Bankarnir	Heimtur af kröfum (í %)
Gamli Glitnir	20-40%
Kaupþing	5-15%
Landsbankinn	0%


ingar skilanevndar Gamla Glitnis og Landsbankans haldi en skilanevndir beggja banka miða ýmist við að eignir verði seldar nú eða eignir í formi krafna innheimtist yfir lengra tímabil. Fram kom í máli Lárusar Finnbogasonar, formanns skilanevndar Landsbankans, að loknum fundi með kröfuhöfum á föstudag, að uppgjör gamla bankans geti tekið allt frá þremur til sjö árum. Miðaði hann bæði við líftíma krafna bankans og þann tíma sem tók að gera upp banka í sænska efnahagshruninu í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar.

Svipaður háttur var hafður á í verðmati á eignum Gamla Glitnis. Óvissan er þar sögð sérstaklega mikil hvað skuldabréfið frá Íslandsbanka varði. Tekið er fram í yfirliti skilanevndarinnar að munurinn geti hlaupið á allt frá 445 til 680 milljörðum króna.

Litlar upplýsingar liggja fyrir um það hvað fram fór á milli skilanevndar Landsbankans og kröfuhafa á föstudag en fundurinn var lokaður öðrum en þeim sem töldu sig sannarlega eiga kröfu á hendur bankanum.

Árni Tómasson, formaður skilanevndar Gamla Glitnis, benti á annan óvissuþátt í eignamati gamla bankans á fundi með kröfuhöfum fyrir í mánuðinum. Gengisveiflur skekki myndina en eignag- og skuldastaðan er umreiknuð í íslenskar krónur og miðast við miðgengi Seðlabankans um síðustu áramót. Gengi helstu gjald-

EIGNAMAT GÖMLU BANKANNA



miðla hefur fallið um ellefu prósent að meðaltali síðan þá og gæti það rýrt eignasafnið í samræmi við það.

EKKI BLÁSIÐ Í BRUNAÚTSÖLU

Skilanevndir bankanna þriggja ganga út frá því að halda í eignir eins lengi og unnt er nema utanaðkomandi aðstæður krefjist annars. Bæði er átt við eignir sem skilanevndirnar hafa gengið að veði í, svo sem eignum Baugs, og úti-standandi lánakröfur til einstaklinga og fyrirtækja.

Skilanevnd Kaupþings hefur gefið út að eignasala við núverandi aðstæður færi bankanum viðunandi söluverð fyrir eignir og sé þess vegna ákveðin í að styðja við

eignir bankans til þess að hámarka virði þeirra. Nefndin styðjist því við verðmiðann sem er í verðmatinu en hafi ekki hug á að selja þær á brunaútsölu.

Þá hefur Markaðurinn áður haft eftir Árna Tómassyni, formanni skilanevndar Gamla Glitnis, að óraunhæft væri að selja eignir fyrr en eftir tvö ár í fyrsta lagi. Kröfuhafar hafi lagt blessun sína yfir slíkt enda vilji þeir fá sem mest úr eignunum. Miðað við verðmatið nú – sem gerir ráð fyrir eignasölu eftir nokkur ár – megi kröfuhafar reikna með að fá tuttugu til fjörtíu prósent upp í kröfur.

Eins og áður hefur komið fram reiknar Landsbankinn með að halda í eignir frá þremur til sjö

árum, eða þegar síðustu kröfur falla á gjalddaga.

BANKARNIR RÚIÐ TRAUSTI

Kröfuhafar Landsbankans, jafnt íslenskir sem erlendir, voru talsvert fýldari á svip þegar þeir gengu af fundi skilanevndar á föstudag en þegar þeir gengu inn.

Eins og sést á töflu með úttektinni bera þeir heldur skarðari hlut frá borði eftir viðskipti sín við Landsbankann en hina bankana tvo. Miðað við verðmat skilanevndarinnar eru kröfur þeirra afskrifaðar að mestu og fá þeir ekkert. Heimtur eru talsvert betri hvað hina bankana varðar en kröfuhafar fá allt frá fimm til fimmtán prósent upp í kröfur frá

Kaupþingi og allt upp undir fjörtíu prósent eftir viðskipti sín við gamla Glitni.

„Íslenska hagkerfið er rúið trausti,“ segir Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka. Hann bendir á að þótt staðan sé slæm hér um þessar mundir séu íslensku bankarnir engir eftirbátar kollega sinna erlendis. „Við erum á báti með fjölmörgum öðrum bankastofnunum sem hafa verið á sömu leið. Þetta er alþjóðleg bankakrísa þar sem erfitt er fyrir alla að fá lánsfé,“ segir hann og leggur áherslu á að aðstæðurnar séu skelfilegar.

Þar er Ísland ekkert eyland þótt endurreisnin geti tekið lengri tíma en ytra.

ICELANDAIR
CARGO

ENGIN ÓVISSA

Ekki sitja uppi með óþarflega miklar vörubirgðir. Flugfrakt er hagkvæmur og hraðvirkur flutningsmáti sem gefur þér möguleika á að miða birgðastöðu ævinlega við þörfina hverju sinni og draga þannig úr óvissu og áhættu vegna gengis- og markaðsþróunar.

MIKIL ÓVISSA

BEINT FRAKTFLUG – 24 ÁFANGASTAÐIR
Í EVRÓPU, BANDARÍKJUNUM OG KANADA.

WWW.ICELANDAIRCARGO.IS

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Ríkið stendur betur en margur hafði óttast. Staða margra heimila og fyrirtækja er samt grafalvarleg.

Flýta þarf bata með öllum tiltækum ráðum

Óli Kristján Ármannsson

Næsta sunnudag er fyrsti mars. Sumir halda upp á daginn og nefna hann þjórdaginn. Fyrir fyrsta mars 1989 var einungis á færi útvalinna að flytja inn og drekka bjór. Allur almenningur mátti halda sig við brennda drykki og vín. Ótrúlegt er til þess að hugsa að ekki séu nema tuttugu ár síðan hömlur voru á jafnsjálfsögðum neysluvarningi. Á haftatímum þessum þurfti líka að sækja um leyfi fyrir gjaldeyriskaupum. Ef einhver vildi gerast áskrifandi að erlendu tímariti þurfti viðkomandi að gera sér ferð í banka, fylla út eyðublað og tiltaka undir vöklu auga bankastarfsmannsins hvort sótt væri um gjaldeyri vegna áskriftar að Alt for Damerne, Newsweek, Playboy eða hvaða riti öðru sem fólk annars kynni að hafa áhuga á.

Við liggur að snúið hafi verið aftur til þessa tíma, eins og þeir þekka sem þurft hafa að sækja sér ferðamannagjaldeyri. Eru þá ótalin áhrif gjaldeyrishafta á allan fyrirtækjarekstur og fælingaráhrif á erlenda fjárfestingu.

Hátt vaxtastig og gjaldeyrishöft eru forgangsmál í yfirferð sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hingað til lands dagana 26. febrúar til 3. mars, að því er fram kemur í máli Marks Flanagans, nýs formanns nefndarinnar, í viðtali við vefrit sjóðsins, IMF Survey online. Hann segir hilla undir að hægt verði að fara í vaxtalækkanir og fyrstu skref í að létta af gjaldeyrishöftum, en aðgátar sé þó þörf, ný ríkisstjórn þurfi að skýra betur áætlanagerðir sínar um hvernig hér eigi að draga úr fjárlagahalla og skuldaföfnun.

Par stendur hnifurinn í kúnni, enn vantar sýn á hvernig á að byggja hér upp landið til framtíðar. Á að feta kostnaðarsama slóð einangrunarhyggju, eða enduruppbyggingar í félagi við aðrar Evrópuþjóðir?

„Eyríki sem ekki vill vera hluti af alþjóðasamfélaginu og er þekkt um heim allan fyrir að borga ekki skuldir á sér ekki bjarta framtíð,“ skrifar Benedikt Jóhannesson, ritstjóri Vísindisráðs, í nýjasta tölublaði vikuritsins og bendir á að aðildarviðræður við Evrópusambandið gætu þegar haft áhrif til góðs í þeirri erfiðu stöðu sem þjóðin er í. Þannig hafi ríki ESB fengið lán á lægri vöxtum en ríki utan sambandsins. Dæmi þar um sé Ungverjaland, sem fékk lánaða 6,5 milljarða evra á 3,25 prósentu vöxtum.

Þá bendir hann á að þótt Evrópuríki sem ekki hafi tamið sér nauðsynlegan aga í fjármálum hafi lent í vandræðum hafi ekkert þeirra lent í hrúni eins og við gerðum í haust. „Vantraustið kom fyrst fram í krónunni, svo hrundu bankarnir. Krónan mun aldrei njóta trausts og þess vegna verður þjóðin að sækja um aðild að Evrópusambandinu og þar með evrópska myntbandalaginu,“ segir hann og verður ekki annað séð en hann hafi lög að mæla.

Línur eru að skýrast um skuldastöðu ríkisins eftir fall bankanna þriggja og virðist hún blessunarlega miklu betri en mestu svartagallsrausarar hafa óttast. Staða margra heimila og fyrirtækja er engu síður grafalvarleg og algjör nauðsyn að gripið verði til hverra þeirra aðgerða sem auðveldla hér enduruppbyggingu og eru best til þess fallnar að endurverkja traust jafnt innan lands sem utan og flýta hér enduruppbyggingu og efnahagsbata.

Hátt vaxtastig og gjaldeyrishöft eru forgangsmál í yfirferð sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hingað til lands dagana 26. febrúar til 3. mars, að því er fram kemur í máli Marks Flanagans, nýs formanns nefndarinnar [...] Hann segir hilla undir að hægt verði að fara í vaxtalækkanir og fyrstu skref í að létta af gjaldeyrishöftum, en aðgátar sé þó þörf.

Alþjóðlegt efnahagsátak

ORÐ Í BELG

Jeffrey D. Sachs

hagfræðiprofessor við Kólumbíuháskóla í Bandaríkjunum.



þjóðarinnar og í Evrópu og Asíu nær samdrátturinn kannski 70 prósentu hlutfalli.

Jafnan er gert ráð fyrir að neysla hvers heimilis dragist saman um fimm sent af hverjum dal í tapaðri auðlegð [eða fimm ára af hverri krónu]. Þetta fæli í sér að samdráttur í útgjöldum heimilanna næmi í Bandaríkjunum um fimm prósentum af þjóðartekjum og um 3,5 prósentum í Evrópu og Asíu.

Niðursveiflan er svo mikil að atvinnuleysi kemur til með að snaraukast og nær kannski níu til tíu prósentum í Bandaríkjunum. Og þótt auður heimilanna nái aftur fyrri stærðum og neysla aukist á ný gerist það of hægt til þess að komið verði í veg fyrir hraðan atvinnuleysi og stórfelldan samdrátt framleiðslu miðað við framleiðslugetu.

Því þarf að ýta undir annars konar fjárfestingu. Ein öflug leið til að styðja við heimshagkerfið og hjálpa því að standa undir framtíðarkröfum er að auka útgjöld til verkefna sem tengd eru lykilinnviðum þjóða, aðallega samgöngum (vega- og hafnargerð, lestarsamgöngur og þess háttar), endurnýjanlegri orku (vind- og sólarorku, jarðvarma, kolefnisheimt, og viðfeðmun orkudreifingarnetum), mengunarvörnum, vatnsveitum og vinnslu úrgangs.

Færa má sterk rök fyrir samstarfi þjóða til að auka opinbera fjárfestingu sem þessa í þróunarlöndum, sér í lagi þar sem fátækt er mest. Þessi svæði, þar

með talin löndin sunnan Sahara í Afríku og Mið-Asía, finna mjög fyrir heimskreppunni vegna minnkandi útflutningstekna, stöðununar fjármagnsmarkaða og gjaldeyrisskortis.

Fátæku löndin líða einnig fyrir loftslagsbreytingar á borð við tíðari þurrka vegna gróðurhúsategundaútbásturs ríkari landanna. Um leið eru þau í mikilli þörf fyrir innri uppbyggingu, sér í lagi á vegna- og lestarkefni, hvað varðar endurnýjanlegar orkulindir, vatnsveitu og úrgang. Að auki þarf í þessum löndum að stórbæta margvíslega lífsnauðsynlega þjónustu, svo sem heilbrigðisþjónustu og stuðning við matvælaframleiðslu.

Vettvangur G-20 ríkjanna, sem saman mynda stærstu hagkerfi heimsins, hentar sameiginlegri stefnumörkun í þessum efnun, en næsti fundur þeirra er í Lundunum í aprílþyrjun. Stóru hagkerfin, Bandaríkin, Evrópusambandið og Japan, ættu að koma á legg nýjum áætlunum til að fjármagna verkefni tengd uppbyggingu í fátæku löndunum. Ný útlán til þróunarlanda ættu að nema hundrað milljörðum dala [11.200 milljörðum króna] á ári hið minnsta.

Nýja fjármögnunin myndi fela í sér bein langtímalán (til dæmis 40 ára lán) frá fjármögnunarstofnunum (e. export credit agencies eða ECA's) ríku landanna og færu í vegagerð, orkunet, framleiðslu endurnýjanlegrar orku, hafnargerð, ljósleiðaranet og í vatnsveitu og til úrgangsmála. G-20 ríkin ættu einnig að auka útlánagetu Alþjóðabankans, Þróunarbanka Afríku og annarra alþjóðlegra fjármálastofnana.

Japan, sem á afgangssparnað, býr við sterka mynt og á mikinn gjaldeyrissforða, auk mikillar framleiðslugetu án innlendrar eftirspurnar, ætti að taka forystu í að fjármagna uppbygginguna. Aðgerðirnar geta líka um leið orðið lyftistöng fyrir japanskt efnahagslíf sem nota myndi eigin iðnframleiðslu í þágu þróunarlandanna.

Með samvinnu má snúa skörpum og ógnvekjandi neyslusamdrætti í tækifæri til að fjárfesta í framtíðarheilsu heimsins. Með því að beina peningum í nauðsynlega fjárfestingu í þróunarlöndum getur heimurinn náð „þreföldum“ sigri. Aukin fjárfesting og útgjöld til félagsmála í fátækum löndum efla hagkerfi heimsins alls, flýttir hagþróun og ýtir undir umhverfisvernd með fjárfestingu í endurnýjanlegri orku, betri vatnsnýtingu og vistvænum landbúnaði.

(c) Project Syndicate, 2009, www.project-syndicate.org.

Bandaríkin, Evrópa og Asía hafa öll orðið fyrir verðmætatapi vegna hruns verðbréfamarkaða og fasteignaverðs. Enn hefur þó ekki komið fram áreiðanleg mæling á samdrætti auðlegðar og hvernig hann skiptist á heimsvísu. Þó má leiða að því líkur að frá hámarki eignabólunnar nemi verðmætatapi í Bandaríkjunum einum nálægt 15 þúsund milljörðum dala [1.680 billjónir króna] og kannski 10 þúsund milljörðum dala [1.120 billjónir króna] í Evrópu og Asíu samantlagt. Samanlagður samdráttur auðlegðar upp á 25 þúsund milljarða Bandaríkjadala [2.800 billjónir] samsvarar rúmlega 60 prósentum af tekjum heimsins á einu ári. Samdrátturinn í Bandaríkjunum einum samsvarar hærra hlutfalli í bandaríska hagkerfinu, eða um 100 prósentum af árstekjum



Í GANA Í AFRÍKU Greinarhöfundur telur að ýta megi undir hagvöxt í heiminum á ný með því að efla fjárfestingu í uppbyggingu grunninnviða samfélagsins í þróunarlöndum.

ORÐSKÝRINGIN

Varin staða

„Varin staða“ eða *hedged position* upp á enskuna er það kallað þegar fjárfestar hafa varið sig gagnvart allri eða hluta af markaðsáhættu vegna eigna- eða skuldastöðu.

„Sem dæmi má taka heildsala sem flytur inn vörur erlendis frá. Hann verðleggur vöruna í dag í íslenskum krónum en greiðir fyrir vörurnar í erlendum gjaldmiðli og hefur greiðslufrest í 30 daga. Þar sem verð erlendrar gjaldmiðla sveiflast gagnvart íslensku krónunni stendur heildsalinn frammi fyrir töluverðri óvissu. Framlegð af vörusölu liggur ekki fyrir. Heildsalinn getur minnkað þessa óvissu með því að gera til dæmis framvirkan samning við fjármálastofnun um að kaupa erlendan gjaldmiðil á fyrirfram ákveðnu verði (gengi) eftir 30 daga. Einnig gæti heildsalinn keypt kaupprétt sem veitir honum rétt á að kaupa erlendan gjaldeyri á ákveðnu verði (gengi) eftir 30 daga. Nú veit heildsalinn hversu mikið hann þarf að greiða í íslenskum krónum fyrir vörurnar og þar af leiðandi verð-

ur öll áætlanagerð nákvæmari og sveiflur í rekstri minni,“ segir í fróðleiksmolum um fjármálhugtök á vef Nýja Kaupþings.

Varin staða er líka algeng við kaup á verðbréfum. Þannig gæti fjárfestir keypt sölurétt á hlutabréf á ákveðnu verði og takmarkað fyrirfram hugsanlegt tap af fjárfestingunni.



ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. RITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson, olkr@markadurinn.is RITSTJÓRN: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, jonab@markadurinn.is AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdál RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík ADALSIÐI: 512 5000 SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 miðlar ehf. PRENTVINNUSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðurinn er dreift ókeypis með fréttablaðinu. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efnis efniðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

Rekstrarvörur
- fyrir stofnanir, fyrirtæki og heimili,
sem vilja spara og hagræða!

**Lengri opnunartími
í verslun RV**


Opið mán. til fös. frá 8.00 til 19.00
Laugardaga frá 10.00 til 17.00

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Perlan

Ein magnaðasta bygging Reykjavíkur á daginn.
Eitt besta veitingahúsið á kvöldin.



Tilvalið fyrir
árshátíðina!

Allt í steik

framlengt til 29. mars

4ra rétta seðill

1 HRÁSKINKA „PROSCIUTTO“
með fíkjum, salati og ferskum parmesanosti

2 RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA
með humarfrauði

VELDU MILLI ÞRIGGJA AÐALRÉTTA

MARINERAÐUR KÁLFAHRYGGUR Á BEINI
með ristuðu grænmeti, kartöflumauki
og hunangskryddsósu (4.590 kr.)

3 ÖND
með appelsínusósu og kartöfluköku (5.590 kr.)

NAUTALUND
Béarnaise með grilluðu hvítlauksristuðu spínati
og sperglum (6.590 kr.)

4 LOGANDI CRÈME BRÛLÉE
með súkkulaði ís

Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!



Allt í steik
verð frá **4.590 kr.**

Nýr A la Carte hefst 30. mars!

Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207 - Netfang perlan@perlan.is - Vefur www.perlan.is

